



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR.

VERIÐ VELKOMIN!



SJÁLFS- STÆÐI

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda.

Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

FÆRNI

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit.

Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

FRAM- FARIR

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans.

Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.



VANDAÐ OG TRAUST NÁM

Við leggjum áherslu á að undirbúa nemendur með sem allra bestum hætti undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi.

Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti, notkun upplýsingatækni og verkefna miðað nám. Verkefni og próf eru fjölbreytt en hefðbundin lokapróf eru ekki lögð fyrir í MB.

Námsmat byggist á leiðsagnarmati en í því felst að námsmat á sér stað jafnt og þétt á námstíma nemenda.

Kennarar veita nemendum stöðuga endurgjöf ásamt því sem nemendur fá einkunn fyrir einstök verkefni og próf. Að auki fá nemendur þrisvar á önn umsögn frá kennurum um stöðu sína í hverjum áfanga. Með því móti verða nemendur meðvitaðri um eigin námsframvindu.



NÁMSMAT

NÁMSMATIÐ ER SAMOFIÐ ÖLLU SKÓLASTARFI OG MIKILVÆGUR HLUTI LEIÐARINNAR AÐ AUKINNI ÞEKINGU OG SKILNINGI.

Námsmatið er fyrst og fremst leiðsagnarmat þar sem vinna nemenda, og að leiðbeina þeim um hvað betur megi fara, er í brennidepli.

Leiðsagnarmat er til að fylgjast með og sjá stöðuna meðan á námi stendur. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum, sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu.

Til þess að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim þarf að vera skýrt fyrir þeim hvaða markmiðum þeir stefna að og hvað þarf til að ná þeim.

VÖRÐUR

Hjá okkur eru ekki formleg próf í lok anna heldur eru nemendur metnir jafnóðum allan námstímann. Þau fá endurgjöf þrisvar sinnum á önn á svokölluðum Vörðum.

Á vörðum er notast við þriggja stiga skala; mjög gott - í lagi - ófullnægjandi, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara.

Í matinu er notast við flest þekkt mælitæki í skólastarfi, t.d. ígrundun kennarans, munnleg- og skrifleg próf, sjálfsmat og verkefni af ýmsum toga. Lokaeinkunn í hverjum áfanga er í formi tölu á bilinu 1-10 með vísan í námsmarkmið viðkomandi áfanga.



”

Í MB eru allir tilbúnir
að hjálpa manni

BJARNI GUÐMANN JÓNSSON

“



” MB er mjög skemmtilegur
og fjölbreyttur skóli, sem
veitir manni sveigjanleika
til að einbeita sér að sínu
áhugasviði í náminu “

ANNA ÞÓRHILDUR GUNNARSDÓTTIR

Stúdent frá MB maí 2016

Stundar nú framhaldsnám í píanóleik við
Conservatorium Maastricht í Hollandi

NÁMSRÁÐGJÖF

Námsráðgjafi skólans veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann og er þeim til ráðgjafar og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar.

BÚNAÐUR

Nemendur MB þurfa að vera með fartölvur í skólanum og fá aðgang að neti og kennslukerfi skólans við upphaf skólagöngu. Nemendur sem ekki eiga fartölvu geta fengið lánaða tölvu til afnota í kennslustundum.



NÁMIS- FRAMBOÐ

Nám til stúdentsprófs er 200 einingar og námstími er að jafnaði sex annir



FÉLAGSFRÆÐIBRAUT

Megináherslan lögð á samfélagsgreinar og kjarnagreinar.

Félagsfræðibraut er ætlað að veita nemendum undirbúning undir nám í mennta-, félags- og hugvísindadeildum háskóla.



NÁTTÚRUFRAÐIBRAUT

Áhersla á raunvísindagreinar og kjarnagreinar.

Markmið náttúrufræðibrautar er að búa nemendur undir nám í raunvísindum og skyldum greinum á háskólastigi.



NÁTTÚRUFRAÐIBRAUT - BÚFRÆÐISVIÐ

Veitir nemendum undirbúning undir háskólanám í náttúruvísindum, búvísindum og dýralækningum og tekur að jafnaði fjögur ár.

Nemendur taka tvö fyrstu árin í Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem megináherslan er á kjarnagreinar til stúdentsprófs og valdar greinar á sviði raunvísinda.

Tvö seinni árin taka nemendur við búfræðibrautina á Hvanneyri. Nemendur útskrifast með stúdentspróf frá Menntaskóla Borgarfjarðar og búfræðipróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands.



” MB er góður undirbúningur fyrir háskólanám, ég var vel undirbúin fyrir stærri verkefni og skipulagningu í námi “

JÓHANNA MARÍN BJÖRNSDÓTTIR
Stúdent frá MB 2011
BS í Íþróttta og heilsufræði
og hjúkrunarfræðinemi



FRAMHALDSSKÓLABRAUT

Megináherslan á hagnýtt nám. Ennfremur að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og áframhaldandi bóklegt og verklegt nám.

Um er að ræða 90 – 120 eininga nám til framhaldsskólaprófs. Nemendur geta eftir eitt ár á framhaldsskólabraut valið um að skipta yfir á aðrar námsbrautir skólans ef þeir ná tilskildum árangri í kjarnagreinum.



STARFSBRAUT

Starfsbraut er ætluð nemendum sem ekki geta nýtt sér almennt tilboð framhaldsskóla og hafa greiningu fagaðila. Námið er að mestu bóklegt en verklegt eftir því sem kostur er. Náms tími er fjögur ár. Meginmarkmið námsins er að gera nemendur virka þátttakendur í þjóðfélaginu og sjálfbjarga í daglegu lífi að því marki sem hverjum og einum er mögulegt.



ÍPRÓTTAFRÆÐIBRAUT – FÉLAGSFRÆÐASVIÐI

Megináhersla á íþróttافرæði, íþróttagreinar og þjálfun auk kjarna á félagsfræðabraut. Nemendur fá undirbúning undir leiðbeinendastörf hjá íþróttafélögum og frekara nám á háskólastigi í íþrótt-, kennslu- og heilsufræðum.



ÍPRÓTTAFRÆÐIBRAUT – NÁTTÚRUFRÆÐISVIÐI

Megináherslan á íþróttافرæði, íþróttagreinar og þjálfun auk kjarna á náttúrufræðibraut. Nemendur fá undirbúning undir leiðbeinendastörf hjá íþróttafélögum og frekara nám á háskólastigi í íþrótt-, kennslu- og heilsufræðum.



” Námið nýtist mér mjög vel í mínu framhaldsnámi ”

BJARNI GUÐMANN JÓNSSON
Stúdent frá MB maí 2018.
Stundar í dag nám við Fort Hays State
háskólann í Bandaríkjunum



MÖTUNEYTI

Í mötuneyti skólans geta nemendur keypt sér hollan hádegismat gegn vægu gjaldi. Nemendur geta fengið sér hafragraut að morgni sér að kostnaðarlausu.

Í mötuneytinu er hægt að versla léttar veitingar líkt og skyr og ávexti á kostnaðarverði.



NEMENDAGARÐAR

Nemendur í Menntaskóla Borgarfjarðar geta sótt um herbergi á nemendagörðum MB. Nemendagarnir eru tvær íbúðir með pláss fyrir 4 nemendur í hvorri íbúð.

Nemendur sem búa á nemendagörðum geta sótt um húsaleigubætur hjá því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili í. Húsaleigubætur geta numið allt að helmingi upphæðar.

Nemendur sem eiga lögheimili í meira en 30 km fjarlægð frá skóla eiga auk þess rétt á dvalarstyrk frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN).

Upplýsingar um húsaleigubætur og umsóknareyðublöð fyrir nemendur með lögheimili í Borgarbyggð fást í Ráðhúsi Borgarbyggðar í Borgarnesi.



GÓÐ AÐSTAÐA OG VIRK ÞÁTTTAKA

Skólinn leggur áherslu á gott og heilbriggt félagslíf með virkri þátttöku nemenda og er aðstaða í húsakynnum skólans góð til þess að það sé mögulegt.

Nemendafélagið stendur fyrir og tekur þátt í ýmsum viðburðum yfir skólaárið og hafa skapast skemmtilegar hefðir í kringum þá. Síðustu ár hafa nemendur tekið þátt í ýmsum viðburðum og sífellt er að bætast við, má þar nefna, haustferð, West-Side, skíðaferð, veglega árshátíð, áskorendadagar, þátttaka í Gettu Betur, framhaldsskólakeppnin í Lazertag, söngkeppni framhaldsskólanna ofl. Sérstök ritstjórn tekur að sér að vinna skólablaðið Eglu.

Stjórn NMB leggur áherslu á að vinna vel í samvinnu við nemendur og starfsfólk og að skipuleggja skemmtilegt félagsstarf þar sem allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.



” Í MB er náið samfélag þar sem allir nemendur geta haft tækifæri til þess að móta félagslífið “

SNÆPÓR BJARKI JÓNSSON

Stúdent frá MB maí 2019

Sálfræðinemi við Háskólann í Reykjavík
og fyrrverandi formaður Nemendafélags
Menntaskóla Borgarfjarðar



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



BORGARBRAUT 54 - 310 BORGARNES | 433 7700 | MENNTABORG.IS